

Fréttabréf

Grunnskóla Raufarhafnar



4. APRÍL 2008
1. TBL, 1. ÁRG.
ÁB.M. JDS

Eineltiskönnun Olweusar í skólanum kemur mjög vel út hjá okkur

Olweusaráætlunin gegn einelti og andfélagslegri hegðun hefur verið notuð í skólanum undanfarin ár. Könnun á einelti er lögð fyrir nemendur í 4.–10. bekk á hvert og niðurstöður milli ára bornar saman.

N i ð u r s t ö ð u r könnunarinnar sem lögð var fyrir nemendur í nóvember síðastliðnum var ánægjuleg og svo virðist sem 0% einelti eigi sér stað hjá nemendum í s k ó l a n u m okkar.

Eins var ánægjulegt að sjá breytingu til batnaðar á upplifun nemenda á störfum kennara, en árið 2006 sögðu 48,2% nemenda kennara

gera lítið eða ekkert til að vinna gegn einelti. Nú í nóvember 2007 segja 87% nemenda kennara gera oft eða næstum alltaf eitthvað til að vinna gegn einelti. Um 80% nemenda líður vel eða mjög vel í skólanum okkar.

Skilgreining á einelti

“Einstaklingur er lagður í einelti ef hún eða hann verður fyrir endurteknum neikvæðum verknaði eins eða fleiri einstaklinga yfir ákveðið tímabil.”



Brynjar Þór og Bergþóra kynnar á árs hátíð 2008



Svanhildur Karen, Helga og Bergþóra glæsilegar á árs hátíð

Skólar á grænni grein – Grænfáninn

Skólar á grænni grein er alþjóðlegt verkefni til að auka umhverfismennt og styrkja umhverfisstefnu í skólum. Grunnskóli Raufarhafnar vill auka menntun og þekkingu og efla virðingu fyrir náttúru og umhverfi lands og hafs. Skólinn vill stuðla að góðri umgengni og sjálfbærri nýtingu allra auðlinda og vinna gegn hvers konar mengun og umhverfis-spjöllum.

Í þessum tilgangi hefur skólinn gengið til liðs við verkefnið “skólar á grænni grein” og stefnir að því að stíga “skrefin

7”. Þegar þau hafa verið stigin mun skólinn vinna til alþjóðlegrar v i ð u r k e n n i n g a r , Grænfánans, sem staðfestingu á góðum ásetningi og virku umhverfisverndarstarfi. Grænfána-nefndina skipa þau Lovísa Karítas, Björg Eiríksdóttir og Jón Þormar.

Það er von okkar að önnur fyrirtæki á Raufarhöfn taki undir með skólanum og taki þannig virkan þátt í umhverfis-verndarstarfinu.



GRÆNFÁNINN

LANDVERND

Árshátíð Grunnskóla Raufarhafnar

Glæsileg árshátíð skólans var haldin þann 13. mars sl. Þemað að þessu sinni var norræn goðafræði og áhersla lögð á glæsileika.

Boðið var upp á fordrykk við innganginn og heitan mat að sýningu lokinni sem foreldrafélagið Velvakandi sá um.

Árshátíðin heppnaðist vel í alla staði og stóðu nemendur sig með mikilli þryði.

Byrjað var á því að skapa heiminn (sviðsmýndina) úr holdi Ýmis og svo tók við að koma böndum á Fenrisúlfinn. Ástarævintýrin skírismál og hamarsheimt sáu um að gera rómantíkinni góð skil.

Hugmyndasamkeppni um merki skólans

Nú stendur yfir hugmyndasamkeppni um merki skólans og **leitum við til ykkar allra** með hugmyndir að einföldu, táknrænu og lýsandi merki fyrir Grunnskóla Raufarhafnar.

Í merkinu þarf að vera myndrænt tákn og hafa tillögur m.a. verið vitinn, fuglalífíð, nálægðin við sjóinn, höfðinn, heimskautsgerðið og fleiri. Þá er mikilvægt að litirnir í merkinu séu í takt við merkingu þeirra. Blár eru litur léttleikans, grænn er litur vonarinnar, rauður er litur kærleikans, gulur er litur vináttunnar o.s.frv. Skilafrestur er til 1. maí og þá mun **Höskuldur Goði** velja besta merkið.